

Reykjavík 11. júní 2024

**Efni: Hækkun gjaldskrár fyrir afnotaleyfi viðburða.**

Í upphafi árs var sett ný gjaldskrá vegna afnotaleyfa af borgarstjórn. Miðað við þær upplýsingar sem Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) hefur frá starfsfólki Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er gjaldskrá skipt eftir umfangsflokkum og eru almenningshlaup annað hvort í flokki I sem er skýrður sem „minniháttar aðstöðusköpun“ eða flokki II sem er skýrður sem „meiriháttar aðstöðusköpun eða viðburðir“.

Okkar fyrsta spurning varðandi þessa gjaldskrá er hvað flokkast sem minniháttar aðstöðusköpun og hvað sem meiriháttar aðstöðusköpun? Því miður hafa ekki fengist nein skýr svör hvað þetta varðar, engir mælikvarðar virðast vera til staðar t.d. út frá fjölda þátttakenda, tíma sem viðburðurinn stendur yfir, þörf á þjónustu frá Reykjavíkurborg eða annað sem skipt gæti máli varðandi mögulegan kostnað borgarinnar við viðburðinn. Gefið var í skyn að verulegt utanumhald að hálfu borgarinnar væru til að mynda vegna fundahalda. Fyrir liggur að kostnaður sem borgin verður fyrir er við umsýslu, undirbúning, útgáfu, eftirfylgni og eftirlit með afnotaleyfum og skiljanlegt að eitthvert gjald sé tekið vegna þess. Nú er það svo að ÍBR hélt Norðurljósahlaup í byrjun febrúar. Á síðasta ári greiddi ÍBR 45 þúsund kr. fyrir afnotaleyfi. Í ár þarf ÍBR að greiða 450 þúsund. Einn fundur var haldinn á Teams og hann tók í mesta lagi 30 mínútur. Þátttakendur í hlaupinu voru um þúsund.

Það slær okkur að svona hækkun er skellt á, án kynningar og með aðeins mánaðar fyrirvara, í upphafi árs. Fjárhagsáætlun gerði eðlilega ekki ráð fyrir 1000% prósentu hækkun. ÍBR hefur eðlilega áhyggjur af öðrum litlum hlaupaviðburðum sem okkar aðildarfélög eru að halda yfir árið. Munu þessi hlaup fá samskonar reikning? Þetta getur verið 1.000 króna aukakostnaður á þátttakanda í 500 manna viðburði sem var ekki viðbúið og því mun liggja í augum uppi að minni viðburðir gætu dottið út vegna mikils kostnaðarauka.

Óskýrleiki varðandi gjaldskrána er líka mjög óþægilegur fyrir alla sem að koma. Það er ekki skýrt í hverju munurinn liggur og hvert viðmiðið er. Útskýringar virka mjög huglægar. Samkvæmt gjaldskrá er sama afnotaleyfisgjald af 800 manna skemmtiskokki sem tekur innan við klukkustund og 15.000 manna stórviðburði líkt og Reykjavíkumaraþon er.

ÍBR er ekki á móti því að greitt sé fyrir leyfi heldur er tilgangur þessa erindis að vekja athygli á að 1000% hækkun á gjaldi til lítilla viðburða gæti reynst mörgum þeirra þungt. Sanngjarnara væri að það væru fleiri stig á þessu gjaldi t.d. miðað við umfang þeirra. Eins er óljóst hvernig lagt er mat á í hvorn flokkinn tiltekinn viðburður fellur. Er þess hér með óskað að Menningar- og Íþróttaráð taki málið til skoðunar með hlutaðeigandi aðilum innan borgarkerfisins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur



Frimann Ari Ferdinandsson  
Framkvæmdastjóri